



# Leiðbeiningar um tilkynningar á tæknilegum reglum

skv. lögum nr. 57/2000 um skipti á upplýsingum um  
tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu, sbr. tilskipun  
(ESB) nr. 2015/1535

# 1. Tilskipun (ESB) nr. 2015/1535 og lög nr. 57/2000

Tilgangur tilskipunar (ESB) nr. 2015/1535 er að koma í veg fyrir setningu nýrra tæknilegra reglna sem geta valdið viðskiptahindrunum á innri markaðinum þar sem frjálsir vöruflutningar, frjáls för fólks, frjáls þjónustustarfsemi og frjálsir fjármagnsflutningar eru tryggð.

Lög nr. 57/2000 um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu.

Reglugerð 733/2000 um tilkynningar á tæknilegum reglum um vörur og fjarþjónustu.

## 2. Hvað eru tæknilegar reglur?

Gildissvið tilskipunar (ESB) nr. 2015/1535 er víðtækt og nær m.a. til laga, reglugerða og leiðbeininga, samninga sem opinber stjórnvöld eru aðilar að og tækniforskrifta sem tengjast ráðstöfunum í skatta- eða fjármálum sem hafa áhrif á neyslu vöru eða þjónustu með því að hvetja til samræmis við tækniforskriftir (f-liður 1. gr. tilskipunarinnar).

Tæknilegum reglum er lýst í 2. lið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 57/2000.

- Lög, reglugerðir eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem fela í sér eða vísa beint eða óbeint til tæknilýsinga, tæknilegra krafna eða annarra krafna og eru íþyngjandi við markaðssetningu eða
- notkun vöru eða banna framleiðslu, innflutning, markaðssetningu eða notkun vöru.

Eru drög að reglum tilkynningarskyld?

Ráðuneyti eða stofnun vinnur drög að tilkynningu og sendir til Neytendastofu: [postur@neytendastofa.is](mailto:postur@neytendastofa.is)

Neytendastofa sendir tilkynningu til ESA sem færir í TRIS-grunn

ESA, framkvæmdastjórn ESB og EES-ríkin fara yfir tilkynningu og kunna að veita viðbrögð

Þegar tímafrestrir eru liðnir geta reglur tekið gildi

Texti skal vera í reglum um að tilkynningarskylda hafi verið uppfyllt

Tilkynna ESA um gildistöku (í gegnum Neytendastofu: [postur@neytendastofa.is](mailto:postur@neytendastofa.is))

- Til tæknilegra reglna í skilningi laganna teljast einnig frjálsir samningar sem stjórnvöld eru aðilar að og kveða á um að tæknilegum kröfum sé hlítt.
- Þá falla undir skilgreininguna tæknilegar kröfur eða aðrar kröfur sem tengjast ráðstöfunum í skatta- eða peningamálum og hafa áhrif á neyslu vara með því að hvatt er til að tilteknum tæknilegum kröfum sé hlítt.

Til tæknilegra reglna teljast ekki tæknilegar kröfur eða aðrar kröfur sem settar eru við opinber útboð eða við önnur innkaup hins opinbera eða tæknilegar reglur sem tengjast almannatryggingakerfinu.

Samkvæmt 3. lið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 57/2000 eru *tæknilegar kröfur* þær kröfur sem skilgreina eiginleika sem vara skal uppfylla, til dæmis varðandi gæði, afköst, öryggi eða stærð, að meðtöldum kröfum um vörumerki, íðorð, tákn, prófun og prófunaraðferðir, umbúðir, merkingu og möguleika á að meta samhæfi. Til tæknilegra krafna teljast einnig kröfur varðandi framleiðsluferli og framleiðsluáðferðir.

Samkvæmt 4. lið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 57/2000 falla undir *aðrar kröfur* þær kröfur sem ekki eru tæknilegar kröfur en eru gerðar til vöru og hafa áhrif á feril hennar eftir að hún hefur verið sett á markað, svo sem skilyrði varðandi notkun, endurvinnslu, endurnýtingu eða vörslu, ef þessar kröfur geta haft afgerandi áhrif á samsetningu, eðli eða markaðssetningu vörunnar.

Að auki mæla lög nr. 57/2000 fyrir um *tæknilegar reglur um fjarþjónustu* sem eru tæknilegar reglur um uppsetningu og starfrækslu fjarþjónustu, einkum ákvæði um þann sem veitir þjónustuna, þjónustuna sjálfa og viðtakanda hennar og eru íþyngjandi við markaðssetningu, uppsetningu eða notkun slíkrar þjónustu, sbr. 6. lið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 57/2000.

Fjarþjónusta er skilgreind í 7. lið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 57/2000 sem þjónusta sem innt er af hendi gegn þóknun og veitt:

- a) úr fjarlægð, þ.e. án þess að aðilar séu staddir á sama stað á sama tíma,
- b) rafrænt, þ.e. þjónustan er send og móttækin með notkun rafbúnaðar sem ætlaður er til vinnslu og geymslu gagna og er algerlega send, flutt og móttækin um þráð eða þráðlaust, um ljósleiðara eða með öðrum rafsegulleiðum,
- c) að beiðni viðtakandans, þ.e. þjónustan er veitt þannig að gögn eru send að beiðni viðtakandans.

**Ath.** að samkvæmt tilskipuninni þarf reglunni að vera beint að fjarþjónustunni sem í hlut á og dugar t.d. ekki að reglan hafi einungis áhrif á slíka þjónustu óbeint eða í einstaka tilvikum.

Sjá upplýsingar á vefsíðu Neytendastofu:

<https://www.neytendastofa.is/fyrirtaeki/taeknilegar-tilkynningar/>

### 3. Af hverju ber að tilkynna tæknilega reglur?

Tilgangur tilkynninganna er að koma í veg fyrir að tæknilegar viðskiptahindranir myndist í milliríkjaviðskiptum vegna ólíkra krafna eða viðmiðana í landsrétti einstakra ríkja. Auk þess er markmiðið að auka gegnsæi. Með því að skapa gegnsæi með tilkynningunum geta ríki brugðist við ef þau sjá að önnur ríki hafa í hyggju að setja reglur sem hafa í för með sér viðskiptahindranir.

Einungis má heimila viðskiptahindranir, sem stafa af tæknilegum reglum, í tengslum við vörur ef þær eru nauðsynlegar til að uppfylla grunnkröfur og þjóna hagsmunum almennings sem þær skapa megintryggingu fyrir (4. tölul. formálsorða tilskipunar nr. 2015/1535).

### 4. Undantekningar

Tilskipun (ESB) nr. 2015/1535 fjallar ekki um innleiðingu á tæknilegum reglum í afleiddri löggjöf EES-réttar. Viðfangsefni hennar eru tæknilegar reglur sem aðildarríki eiga sjálf frumkvæði að - með öðrum orðum ekki þarf að tilkynna tæknilegar reglur ef þær eru hluti af reglum innri markaðar EES-svæðisins sbr. 5. gr. laga nr. 57/2000.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 57/2000 þarf ekki að tilkynna um fyrirhugaða setningu tæknilegrar reglu sem:

- a)** eingöngu framkvæmir gerðir sem vísað er til í ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar,
- b)** skuldbindingar vegna alþjóðlegra samninga þar sem stefnt er að því að samþykkja almennar tæknilegar reglugerðir á vettvangi EES-samningsins,
- c)** færir sér í nyt öryggisákvæði í bindandi gerðum EES-samningsins,
- d)** byggist á Rapex-tilkynningarkerfinu um hættulega vöru á markaði í samræmi við ákvæði laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu,
- e)** sett er í þeim tilgangi einum að fullnægja dómum sem EFTA-dómstóllinn fellir og dómum sem nefndir eru í 6. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og 3. gr. samningsins um Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstólinn,

- f) sett er í þeim tilgangi einum að breyta tæknilegri reglu í samræmi við athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA með það í huga að ryðja viðskiptahindrunum úr vegi.

## 5. Hver gerir hvað?

Senda þarf beiðni til Neytendastofu ([postur@neytendastofa.is](mailto:postur@neytendastofa.is)) um að koma tilkynningum um drög að tæknilegum reglum til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

Tilkynna þarf drög að tæknilegum reglum **áður en** þær taka gildi.

EEFTA-ríkjum innan EES er skylt að tilkynna ESA um allar tæknilegar reglur sem þau hyggjast setja. ESA hleður tilkynningunum upp í TRIS gagnagrunn ESB til að leyfa EES-ríkjunum að fá aðgang að þeim. ESA, Framkvæmdastjórn ESB og öll aðildarríki EES geta gert athugasemdir við tilkynningarnar. Að auki geta ESA og EFTA-ríkin innan EES (Noregur og Liechtenstein) sent svokallað ítarlegt álit. Áhrifa hvors um sig er getið í 7. kafla hér að neðan.

Aðrir hagsmunaaðilar geta nálgast textadrögin í TRIS gagnagrunninum, en hafa ekki heimild til koma fram með athugasemdir samkvæmt þeirri málsmeðferð sem tilskipun (ESB) nr. 2015/1535 kveður á um. ESA birtir tilkynningarnar jafnframt á vefsíðu sinni.

## 6. Fyrirkomulag á tilkynningu til ESA

1. Útfyllt tilkynningarform á ensku: [Tilkynningarform \(PDF - neytendastofa.is\)](#).
2. Drög að reglunum á íslensku í Word (ekki í PDF).
3. Drög að reglunum á einu opinberu ESB tungumáli í Word (ekki í PDF).
4. Önnur gögn sem nauðsynleg eru til að meta inntak tilkynningarinnar, svo sem mat á áhrifum eða texti grunnreglnanna ef t.d. er um að ræða breytingu á tilteknum reglum.
5. Senda tilkynninguna ásamt fylgigögnum til Neytendastofu ([postur@neytendastofa.is](mailto:postur@neytendastofa.is)) sem kemur tilkynningunni til ESA.

## 7. Næstu skref og tímafrestir

Stjórnvöldum ber almennt að fresta gildistöku tilkynntra reglna í 3 mánuði frá þeim degi sem drögunum var komið á framfæri við ESA (sbr. 1. mgr. 6. gr. tilskipunar (ESB) 2015/1535) (ákveðnar undantekningar þar á, þ.e. lengri frestur, sbr. 2. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar).

Komi fram athugasemdir við drögin ber Íslandi að taka þær til greina, að því marki sem unnt er, við síðari vinnu við reglurnar. Þriggja mánaða biðtíminn framlengist hins vegar ekki þótt gerðar séu athugasemdir.

Ef ESA eða EFTA-ríki innan EES ákveður að gefa út svokallað ítarlegt álit þá verður það að gerast innan þriggja mánaða biðtímans (þ.e. innan þriggja mánaða frá því drögin að reglunum voru tilkynnt ESA). Við útgáfuna framlengist almenni biðtíminn um 3 mánuði til viðbótar fyrir vörur og um 1 mánuð til viðbótar fyrir fjarþjónustu og samninga stjórnvalda á grundvelli ii. liðar annarar undirmálgreinar f. liðar 1. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar. Þá verður biðtíminn í heild 6 mánuðir fyrir vörur og 4 mánuðir fyrir fjarþjónustu og þessa tilteknu samninga stjórnvalda.

Komi fram ítarlegt álit frá ESA eða EFTA-ríki innan EES ber Íslandi að senda upplýsingar til ESA þar sem kemur fram til hvaða aðgerða stjórnvöld hyggjast grípa til að bregðast við. Ber ESA að svara þeim viðbrögðum Íslands.

Nauðsynlegt að tilkynna til ESA í gegnum Neytendastofu ([postur@neytendastofa.is](mailto:postur@neytendastofa.is)) þegar reglur hafa tekið gildi og senda texta laganna/reglugerðanna með.

## 8. Algengar spurningar

### a) Er til staðlaður texti til að hafa í lögum/reglugerð um að þau/hún hafi verið tilkynnt?

Tillaga að texta: Drög að lögum/reglum hafa verið tilkynnt í samræmi við ákvæði tilskipunar (ESB) 2015/1535 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra reglna. (This law/regulation has been notified in accordance with the provisions of Directive (EU) 2015/1535 laying down a procedure for the provision of information in the field of technical standards and regulations).

### b) Á ofangreindur texti að vera í drögunum eins og þegar þau eru tilkynnt eða er nóg að bæta honum inn þegar reglurnar eru birtar?

Það segir í 9. gr. tilskipunarinnar að þegar tæknileg regla er samþykkt (adopted er notað í ensku útgáfunni) eða þegar hún er birt opinberlega skuli þessi tilvísun fylgja. Þannig að tilskipunin gerir ekki kröfu um að textinn sé í drögunum þegar þau eru tilkynnt.